

Nýjungar í Sögu - Útgáfa 3.1.38.3

Afritanir inn á læknabréf

(or) Læknabréf #12

SAG-4109

Þegar afritað er frá öðrum eyðublaðum yfir á (or) Læknabréf #12 var áður aðeins afrituð ein færsla með sama kóða af eyðublaði #411. Því hefur verið breytt þannig að nú eru allar færslur af #411 afritaðar yfir á Læknabréf óháð því hvort þær hafi sama kóða.

Aðvaranir sjúklings (skráning)

Snjókörn - Breytingar á flokkaheitum fyrir smitgát

SAG-3755

Smitgátarflokkar breytast skv. skilgreiningu LSH. Um er að ræða breytingar á heitum flokka, viðbætur og úreldingu á ónotuðum skilgreiningum. Eldri skráningar eru þó í fullu gildi og breytast ekki. Eftir breytingu er listinn sem hér segir:

- AmpC (ESBL-M)
- ESBL (ESBL-A)
- Karbapenemasi (ESBL-karba)
- MÓSA/MRSA
- VÓE/VRE (Vancomycin ónæmir enterococcar)
- Aðrar fjólónæmar bakteríur
- Annað

Dagplan deildar

Dagplan og sértækt dagplan sameinuð

SAG-4240

Dagplan og Sértækt dagplan hafa verið sameinuð í eina sýn sem heitir Dagplan. Bætt var við skráningarmöguleikum en nú er hægt að skrá; hreyfingu, fæði, fyrirhugaða útskrift, innrennsli (infusion), aðgerðir og rannsóknir, hjúkrunarfræðing/sjúkraliða.

Hægt er að skrifa haus og fót fyrir dagplanið. Þeir eru vistaðir fyrir deild, þannig að allir á sömu deild sjá sama haus og fót. Í haus er hægt að skrá 4 atriði en í fæti 6 atriði þar sem 2 eru sett upp eins og fyrirsgnir.

Í nýju dagplani eru allir dálkar sem hægt er að skrá í ásamt þeim dálkum sem voru áður í almenna og sértæka dagplaninu. Eins og áður er hægt að velja um dálka og raða eftir þeim. Við prentun raðast merktir einstaklingar efst, síðan er raðað í stofuröð. Í eldri útgáfu voru aðeins merktir einstaklingar prentaðir út.

Eyðublað

Breytingar á grunnvottorði læknis vegna nýrnabilunar

SAG-4579

Sí óskaði eftir því að þessu vottorði yrði breytt þannig að ekki væru tveir flokkar einstaklinga:

1. Einstaklingur í blóðskilun/kviðskilun
2. Aðrir

Heldur aðeins:

- Einstaklingur m/lokastigs nýrnabilun

Eyðublað - Beiðni um hjálpartæki #342

SAG-4459

Búið hefur verið til stilligildi sem stjórnar því hversu stórar skrár í MB er hægt að senda með hjálpartækjabeiðni. Stilligildið er númer 168. Sjálfgefið gildi er 2,5mb

Kóðaleit fyrir hjálpartæki (#342)

SAG-4231

Kóðaleit fyrir hjálpartæki virkar nú þannig að einnig leitað eftir leitarorði í skilgreiningum (C_DEFINITION.DEFINITION_TEXT) fyrir skilgreind hjálpartæki, en þar eru geymd algeng orð og textar fyrir hjálpartæki. Ef leitarstrengur finnst í textunum er hjálpartækið birt í

leitarniðurstöðu þótt leitarstrengur komi ekki fyrir í heiti þess í C_S_CODING_SEARCH.

Ef notandi velur að leita í byrjun heitis er samt sem áður leitað í allsstaðar í skilgreiningartextum (C_DEFINITION.DEFINITION_TEXT).

SAG-4040

Breytingar á Bráðamóttökuskrá #418

Kaflarnir meðferð og greiningar voru minnkaðir þannig að nú sjást aðeins tvö skráð atriði en voru áður þrjú. Kaflinn afrit var minnkaður þannig að nú sést aðeins einn einstaklingur sem fær afrit í stað tveggja áður.

Eyðublöð (gaSheetModule)

SAG-4207

Stillingar - Stillingildi 1078

Stillingildi 1078 er ekki lengur virkt í kerfinu og er ekki sýnilegt í einingunni Stillingar.

SAG-4105

Stillingar - Stillingildi 125

Stillingildi 125 er ekki lengur virkt í kerfinu og er ekki sýnilegt í einingunni Stillingar.

SAG-4024

Lyf við útskrift og tenging við Therapy Medication Management

Stillingildið [SETUP_VALUE_TMM_MANAGES_MEDICATIONS: integer = 1092] stjórnar hvort hægt sé í eyðublaði #12 ((or) læknabréf) að afrita lyf við útskrift beint úr TMM kerfinu.

Í test umhverfinu hjá LSH er þetta líklegast [_http://smswebdev01.lsh.is:9000/therapy/TMMPrescriptionInfo.svc_](http://smswebdev01.lsh.is:9000/therapy/TMMPrescriptionInfo.svc_)

Innlagnarkóðinn sem sendur er sem færíbreyta inn í vefþjónustukall TMM er nýjasta innlögnin í Sögu (ORG_ADM_ID). Ef Advania hefur verið að nota annan kóða, þá má útfæra/breyta function í gagnagrunninum sem skilar kóðanum sem skal nota miðað við einkvæmt númer sjúklings. Þessi function heitir **TMM_ADMISSION_CODE(patientid IN NUMBER)** og skilar streng.

Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

SAG-4237

Hjúkrunargreiningar - Framvindunótur

Upplýsingar um framvindunótur sem eru í tooltip, voru samræmdar við meðferðareiningu. Þá hefur útlit á framvindunótum verið samræmt við meðferðareiningu bæði í hjúkrunargreiningum og hjúkrunaryfirliti.

Gagnagrunnur

SAG-3295

Skilaboð - Senda póst á deild með nafni lengra en 50 stafir.

Nú kemur ekki lengur villa ef póstur með viðhengi er sendur á deild sem er með deildarnafn sem er lengra en 50 stafir.

Skilaboð (gaInternalMail)

SAG-3807

Eyðublöð og Skilaboð - Undanþágulyfseðlar

Nú er lækni bara sendur póstur í Sögu þegar Lyfjastofnun hafnar umsókn um undanþágulyf eða upp kemur villa hjá Lyfjastofnun í stað þess að lækna fengu skilaboð við samþykkt undanþágulyfseðils.

Vefþjónustur (external)

SAG-4039

MedicalDataServices - GetLatestPatientBmi

Þjónustan sækir nú upplýsingar um ummál vinstri- og hægri upphandleggs ásamt ummáli mittis.

SAG-4042

MedicalData Services

Bætt var við þjónustunni NewHeightWeightCircumferenceMeasurement sem skráir mælingar um hæð, þyngd og ummál. Líkamsgerð mittismál/mjaðmamál er nú reiknað en ekki tekið við innslegnu gildi í vefþjónustu.

SAG-4513

EndActiveTreatment falli bætt við ADT-vefþjónustu

Þjónustan setur virka meðferð lokið hjá sjúklingi og skilgreinir hvaða úrræðum hann býður eftir. Þjónustan leyfir ekki að vista ólöglega kóða fyrir úrræði og vinnur að öðru leyti eins og samsvarandi virkni í ADT einingu.

Vera (Samskiptaborð)

SAG-4557

Vera samskiptaborð - Merkja þráð svarað

Núna er hægt að merkja þráð svarað en þó aðeins ef honum hefur verið svara af einhverjum lækni/starfsmanni einu sinni. Þannig ef einstaklingar þakka fyrir sig er hægt að merkja þann þráð svarað og hann hverfur af skjáborðinu og mínar fyrirspurnir. Þetta er gert með því að hægri smella á þráð og velja aðgerðina "Merkja svarað".

Viðhengi (gaAttachments)

SAG-4307

Viðhengi - Lýsing viðhengis

- Ef stilligildi 167 er virkt þá þarf notandinn að slá inn lýsingu á viðhengi þegar hann velur nýtt viðhengi í viðhengiseiningunni.
- Ef stilligildi 167 er óvirkt virkar kerfið eins og áður, þ.e. ekki þarf að slá inn lýsingu þegar viðhengi er valið.
- Ef fleira en einu viðhengi er bætt við í einu þá fá öll viðhengin sömu lýsinguna.